

Sjáð er með til J. Karmester

HEIMIR

EFNISYFIRLIT.

	Bls.
Vagga mannkynsins.....	253
"Nóttin lýsir sem dagur" (kvæði)	257
Trú og guðfræði (þýtt).....	259
Málið sem vér tölum.....	262
Tvíræði í orðum (þýtt).....	268
Islenzkur námsmaður í Meadeville	269
Einkennilegur flokkur.....	273

IX ÁR

12 BLAÐ

—————NOTÍÐ————

Royal Crown Sápu

Geymið Umbúðirnar og fáið Verðlaun

Það hefir verið sannað með tilraunum að sex stykki af **ROYAL CROWN SAPU** eru notadrýgri en átta stykki af vanalegri sápu. — Fáið yður einn pakka af Royal Crown Sápu, og komist að raun að ofanskráð staðhæfing er rétt. Sendið eftir fullkomnum verðlaunalista. Hann kostar yður ekki neitt.

The Royal Crown Soap, Ltd.

VERÐLAUNADEILD.

WINNIPEG,

CANADA.

Asphalt, Pakefni, Húsapappi, Linofelt, ASbestos og
Veggborð.

Vér höfum úrvals af allkyns pakefnum og húspappa af öllum tegundum. Veggborð, er nota má innan í hús í stað plasturs. **ASbestos** klæðingar á heitavatnspípur og eldfær—er spara eldivið. — Byggð húsin hiý! Notið **Linofelt** í veggina, þá haldir þér kuidanum úti og purfið ekki að flytja inn kolin. Leggið **Linofelt** undir gólfin, það dregur úr hijð. Sýnishorn ókeypis. — Upplysingar um verð og fleira veitum vér með ánægju.

Olafur Pétursson og fleiri Íslendingar mæla hið bezta með **Linofelt**.

The Canadian Asphalt Co., Ltd.

147 BANNATYNE AVE., EAST

WINNIPEG..



IX ÁRGANGUR

WINNIPEG, 1914

12 BLAD

Vagga mannkynsins.

Eitt af því sein menn hefir lengi fýst að vita er, hvar bústaður fyrstu manna hafi verið og hversu hárr aldur mannkynsins sé. **6*** teljandi rannsóknir hafa verið gerðar í því skyni að komast að þessu síðan vísindamenn hættu að leggja trúnað á sköpunarsöguna í fyrstu bók Móse; en þrátt fyrir það er fjölda margt því viðvískaði, sem einnþá er engin vissa fengin fyrir og fæst, ef til vill, aldrei. Og það er náttúrlegt að margt sé í mjög mikilli óvissu í því efni, þar sem fara verður svo langt aftur í tímann að elztu rit, sem heimurinn á, koma að engu haldi, svo langt, að jörðin hafði einu sinni ekki sama útlit þá og hún hefir nú. Einu sannanagögnin, sem unt er að fá, eru leifar af bústöðum og áhöldum, sem finnast í jörðinni, ásamt fáeinum steinrunnum beinum. En þessi sannanagögn eru mjög ábyggileg þó að þau skýri ekki frá mörgu: miklu ábyggilegri en margt, sem hefir verið fært í letur bæði fyr og síðar; og með hjálpi þeirra hafa menn komist að ýmsum mjög sennilegum niðurstöðum.

Sumir vísindamenn hafa haldið fram, að ólikir mannflokkar, svo sem hvíti og svarti flokkurinn, gæti ekki átt sameiginlegan uppruna. Skoðun sinni til stuðnings hafa þeir bent á mismun á líkamsbyggingu, höfuðlaginu sérstaklega, og þó allra helzt á mismun tungumálanna, sem þeir fullyrða, að ekki geti öll verið af sömu rót

runnin. En hvorug þessi ástæða er talin góð og gild af þeim, sem halda fram að allir mannflokkarnir séu skyldir. Mál flokka, sem hafa flest eða öll sömu lískamlegu einkennin, eru stundum eins ólík og mál þeirra, sem eru hver öðrum mjög ólíkir hvað lískamleg ein-kenni snertir. Þannig skiftast mál Indíána flokkanna, sem bygðu Norður-Ameríku á undan hvítum mönnum, í fjölda marga málstofna; en að öðru leyti voru flokkarnir allir mjög líkir. Þetta sýnir, að þó að málin verði ekki rakin til sömu rótar, eru mannflokkarnir, sem þau tala, ekki að sjálfsögðu óskildir. Skoðuninni um mismunandi uppruna fylgja miklu færri nú en gjörðu fyrir nokkrum áratugum.

Ein helzta sönnunin fyrir því, að mannkynið alt eigi sameigin-legan uppruna er það talið, að kynblöndun á sér stað milli allra mannflokka. Kynblöndun hefir átt sér stað afarlengi og hefir farið vaxandi á síðari tínum; svo að nú á tínum eru engir hreinir og óþlandaðir mannflokkar til, að undanteknum fáeinum smáflokkum á útkjálkum heimsins. Ef flokkarnir væru að uppruna til óskyldir, yrðu afkomendur kynblöndunarinnar ófrjóir með tímanum, sam-kvæmt skoðunum vísindamannanna.

En hvaðan er þá mannkynið upprunnið, hvar var vagga þess í öndverðu? Um það hafa verið margar tilgáttur gjörðar. Því nær öll meginlönd heimsins hafa af einhverjum verið skoðuð vagga mannkynsins. Jafnvel norðurheimskautslöndin, sem nú eru þakin snjó og ís, hafa fengið þann heiður; og ein tilgátan er, að fyrsti mannabústaður hafi verið í suður hluta Svíþjóðar. En á síðari tínum hafa fleiri fallist á þá skoðun, að elzta ættland mannkynsins sé sunnan til í Austur-Ásiu, þar sem nú er Malakkaskaginn og eyjarnar, sem liggja suður af honum. Þaðan á svo mannkynið að hafa útbreiðst um alla jörðina.

Þessi skoðun styðst mest við það, að árið 1892 fundust á eynni Java steinrunninn bein, sem vísindamenn álita að séu leifar af beinagrind úr manni. Beinin, sem fundust, eru: lærleggur, tveir jaxlar og nokkur hluti hauskúpunnar. Eftir lögum legsins að dæma, hefir maður sá, sem hann er úr, gengið uppréttur; og hauskúpubrotið sýnir, að stærð heilabúsins hefir verið um 1,000 tenings sentimetrar, sem er hér um bil mitt á milli hæstu apategundanna, gorilla og orangutan, og hvíta mannflokkins. Þessi forsaðir mannkynsins (*pithecanthropus erectus*, hinn upprétti apamaður, eins og

hann er kallaður) hefir likst nútíðarmanni að líkamsvexti, en **staðið** honum miklu neðar andlega. Um aldur beinanna veit enginn neitt með vissu; menn vita aðeins að þau eru frá því seint á pliocene-tímabilinu; en svo er eitt tímabilið f myndunarsögu jarðarinnar nefnt. Næsta tímabil á eftir, pleistocene, nær yfir frá 200,000 til 300,000 ár, og gefur það nokkra hugmynd um aldur beinanna. Á pliocene-tímabilinu fór loftslag kólndandi á norðurhveli jarðarinnar, þar til fá öldin gekk yfir, sem hefir skilið eftir svo mörg merki f myndun **fjalla** og **dala**. Áður var loftslag á Íslandi, sem þá var áfast við meginland Evrópu og Grænland, eins heitt og í Miðjarðarhafslöndunum nú.

Engar leyfar af mannuabeinum hafa fundist eldri en þessir **steingerfingar** frá Java. Hvort nokkrir tinnusteinir, sem bera **þess** ótvræð merki, að hafa verið lagaðir til af mannahöndum, hafa fundist í jarðlögum frá eldra tímabili er óvist. En hvað sem því líður, hallast flestir vísindamenn nú að þeirra skoðun, að þetta **svæði** megi með allmikilli vissu teljast vagga mannkynsins.

En hvernig útbreiddist þá mannkynið um jörðina frá þessum upprunalega bústað sínum?

Yfirborð jarðarinnar var þá nokkuð örðruvísi en það er nú. **Ásía** og **Afríka** voru áfastar þar sem nú er Indlandshaf, og **Ástralía** var tengd við Ásíu, þar sem Torressundið er nú. Einnig voru Evrópa og Afríka áfastar á þremur stöðum yfir Miðjarðarhafið; England var ekki orðið aðskila við meginland Evrópu; og landbrú lá þaðan norður til Færeys og Íslands, og þaðan aftur vestur til Grænlands og Ameríku. Aftur voru Ásía og Ameríka tengdar saman þar sem nú er Behrings sundið. Mannflutningar gátu því átt sér stað um alla jörðina, þó að skip væru eigi bygð. Er talið áreiðanlegt að mannflutningar þessir hafi átt sér stað; því aðeins á þann hátt er unt að útskýra, hvernig mannkyn, sem átti sameiginlegan uppruna gat komist um allan heim löngu áður en nokkrir möguleikar til að komast yfir höf voru fyrir hendi.

Mjög víða hafa vopn og áhöld úr tinnusteini fundist í jörðu. Eru þau merkilega lík að lögun, þó að afarlangt sé milli staða þeirra, er þau hafa fundist á. Tímabil það er þau voru notuð er nefnt **steinöld**, og er henni skift í two hluta: eldri og nýrri steinöld. **Nýrri** steinöldin er talin frá 50,000 til 100,000 ár. Steinöldin nær yfir pleisto-

cene-tímabilið, sem áður er nefnt. Á eftir henni kemur óákvæðið tímabil. Þá læra menn að nota málma. Sögulega tímabilið er það kallað, sem menn hafa nokkra veruloga vitneskju um úr ritum eða minnismerkjum, svo sem byggingum og öðru því líku. Elstu þjódir, sem hafa skilið eftir sögulegar minjar, eru Forn-Egyptir og Babylónfumenn. Þykir ekki ólfklegt að um það leyti og rannsóknunum á fornminjum þeirra líkur, megi með sanni segja, að saga mannkynsins nái jafnvel 10,000 ár aftur í tímann. En hvað er það í samanburði við allan þann tíma, sem maðurinn er búinn að lífa á jörðinni?

Framþróunin hefir verið afar mismunandi eftir að mannkynið skiftist í fyrstu. Mjög ólfk einkenni bæði í hörundslit og höfuðlagi hafa smám saman myndast og sundurgreint aðalflokkana meira og meira eftir því sem tímar liðu. Sumir flokkarnir þroskuðust mikil fyr en aðrir; eða, öllu heldur, sumir flokkarnir, svo sem svertingjarnir í Afríku og Astralíu hafa snemma hætt að þroskast. Áhrif frá náttúrunni umhverfis og líffáttum hafa eðlilega haft mjög mikla þýðingu fyrir þroskann. Enn eru til mannflokkar, sem eru ekki komnir á hærra stig en steinaldarmennirnir voru á.

Aðalflokkarnir eru sjórir, þegar farið er eftir hörundslit og höfuðlagi, sem eru eftirtektarverðustu einkenni: hvíti, guli, svarti og rauði flokkurinn. Þar að auki eru margir milliflokkar til, sem komið hafa fram við kynblöndun. Þrfr þessarar flokka hafa breiðst út langt út fyrir aðal heimkynni sín, sérstaklega hvíti flokkurinn, sem stendur hinum langt um framar, en rauði flokkurinn er hvergi til nema í Ameríku; og eru öll líkindi til að hann deyi þar út með tímanum, nema að svo miklu leyti sem hann blandar blóði við hvíta flokkinn.

Þeir sem þekkja breytþróunarkenninguna aðeins að nafninu til, segja oft að samkvæmt henni eigi mannkynið að vera komið út af öpum. En það er algjörlega rangt. Því er aðeins haldið fram að maðurinn sé að líkamshbyggingu til skyldur öpunum, og vitaskuld eru margar vísindalegar sannanir til fyrir því. En í raun og veru hafa apar og menn verið aðskildar tegundir síðan einhverntíma aftur á miocenetínum; en það er svo geysilangur tími að naumast er unt að gjöra sér greint fyrir honum á reynslu-mælikvarða vor mannanna. Mjög snemma hætti öpunum að fara fram, eins og sjá má á því að heili þeirra er helmingi minni en heili Java-mannsins

var. Vegna hins mikla þroska mannsheilans og líkamsbyggingar hans, eru yfirburðir hans svo miklir, að enginn samjöfnuður getur í raun réttri átt sér stað milli hans og hinna lægri lífsteingunda. En að hann sé af sama bergi brotinn og aðrár tegundir tjáir ekki að neita; það er að setja sig á móti því sem viðsindin hafa marg-sannað. Sú ljóta speki—“að manna kristið kyn sé komið út af loðnum, heimskum öpum,” eins og Einar Hjörleifsson komst að orði, er ekki til og hefir aldrei verið til; en að “alt alheimssins líf sé ein voldug ætt” er sannleikur, sem enginn getur lengur hrakið.

G. A.

“Nóttin lýsir sem dagur”

Dagarnir styttast, dimman miklast,
drungi og ský í lofti hnyklast.—
Sveipast næturblæjan blakka
yfir bónðans kot, yfir öðlings sali;—
skuggarnir faldast um fell og dali
og færast niður í landsins slakka.
Ógeðsleg hrúmþoka hylur frón
og hrærist saman við kvöldsins skugga;
útsýni bannar allri sjón
eitrandi og grafkyr haustnæturnmugga.

Bólstur við bólstur bætist og faldast;
banvæni og molla saman haldast.
Hvert einasta blað er sem bugað og sýkt,
og beygt undir lífsins þunga;
laufunum rignir limið unga,
svo landið alt verður náreit lifkt.
Veikjandi þefur að vitum berst
sem viðbjóðsleg gufa af rotnandi hræl.—
Eitrið í taugar og tilfinning skerst
og tekur vöðva og hreyfing úr lagi.

A hrímpoku bakkanum stjarnglætan strandar.

—Stuggur og ljósþrá í hjörtunum blandast.—
 Og þögnin er geigvæn, það heyrist ei hljóð—
 alt er hljótt sem í kyrkjugarði.
 Nóttin fellt yfir fyr en varði
 og festi hvern einstakling, þar sem hann stóð.
 Úr gráleitu bólstrunum gægjast svo skýrt
 og gretta sig húmvofur, þokuhjúk skýldar.
 Svo fólkis, af kyrkjunnar kenningum sýrt,
 sig krossar og bænir—og legst til hvíldar.

En lund mínn er óró, mig ásækir mara
 og augu mínn leitandi í nóttina stara.
 En hún er af óskanna uppfylling snauð,
 og á hvorki blæ né hreyfing,
 sem sett geti á þokuna og þróngsýnið dreifing.—
 Mig byrstir í ljósið, því nóttin er dauð.
 Harmarnir þyngjast er dagsljósið dvín,
 svo draumarnir verða að bitrustu raunum,
 og nóttin með kuldann og kynjavöld sín
 kvíða og áhyggjur veitir að launum.

Við skímuna raunirnar skiftast og eyðast,
 skuggarnir þynnast og flókarnir greiðast.
 Það birtir!—Sko, þarna er í þokuna rof
 og þar skín frá himninum blikandi stjarna,
 sem ljósir sitt sendir til landshins barna,
 á leiðina bendir. Ó drottni sé lof!
 —Það er sem að lifni mínn löngun á ný
 til lífsins, og ást til hins bjarta eg geymi,
 svo upp móti ljósinu ásýnd eg sný
 og ógnum og skuggasvip rökkursins gleymi.

Himneski styrkgjafi, stjarnan mínn bjarta,
 sterkasta ljósið míns deyjandi hjarta.
 Það er sem að dafni mínn deyjandi von
 við demants geislana þína,
 sem mér gegnum húmið og harmana skína.
 Þú heillar mig veikan jarðarson.
 Við þig binzt hver hugsun og hugrenning mínn.

og hjá þér er vonunum skjólstaður fundinn;
og uppávið leitar minn andi til þín,
þótt eg sé við moldina tengdur og bundinn.

E. A.

Trú og guðfræði.

Eftir Dr. C. C. Everett.—(Lauslega þýtt)

Það er aðeins ein trú til í heiminum. Til þess að komast að þessari skoðun verðum vér að feta oss áfram varlega; hugmynd vor um trúna verður að vera ljós; vér verðum að vita nákvæmlega við hvað vér eignum með orðunum, sem vér notum. Í fyrsta lagi verðum vér að aðgreina í huganum trú og guðfræði. Oss hættir oft við, þegar vér hugsum og tölum um trú að hafa í raun og veru guðfræði í huga. En trúin er ein; guðfræði er margskonar. Trúin er alstaðar eins; guðfræðin er alstaðar mismunandi.

Bezti vegurinn til að gjöra þetta ljóst er ef til vill sá, að líkja sambandi trúar og guðfræði við samband hins hreina lofts og loftsins, sem vér öndum að oss. Í vanalegu máli notum vér oft orðin "loft" og "andrúmsloft" eins og þau býddu bæði það sama. Eða það mætti, ef til vill, fremur segja, að þar sem vér notum orðið "andrúmsloft" sjaldan, þá notum vér vanalega orðið "loft" í þess stað. Þannig segjum vér, að loftið sé þungt eða létt; vér segjum að það sé heilnæmt á þessum staðnum, en óheilnæmt á hinum. Vér tölum um fjallaloft, sjóloft og sveitaloft. Mörgum þætti það máske kynlegt, ef þeim væri sagt að loftið er alstaðar eins; það getur að vísu verið þungt eða létt, hreint eða óhreint, en í sjálfi sér er loftið samt ávalt óumbreytanlegt. Á nóttu og degi, á sjávarströndinni og í mýralöndunum, í borgum og sveitum, í Evrópu, Asíu, Afríku og Ameríku og út á reginhafi—alstaðar er loftið eins. Það hefir ákveðna efnalega samsetningu, það hefir alstaðar átta byngdarhluta af sírefni móti tuttugu og átta af köfnunarefni. Hlutfall þessara eftна breytist aldrei í þessari samsetningu; hún er eins ákveðin og nokkur önnur efnasamsetning. En að hinu leytinu er loftið, sem vér öndum að oss jafnt og stöðugt að breytast. Það er öðru vísni á

nöttunni en á daginn; það er öðru vísí í dag en það var í gær, og öðru vísí á þessum staðnum en þar er á hinum. Andrúmsloft vort er loftið sjálft að viðbætlu öllu því sem það hefir dregið í sig af jörðinni. Andrúmsloftið dregur alt í sig: það dregur í sig efnin, sem gufa upp af sjónum og fúaloftið úr mýrarflóumum. Stundum er aðeins lítill hluti andrúmsloftsins hreint loft; ýms loftkend efnir og reykur koma í stað þess og útrýma því.

Því er alveg eins farið með trúna og guðfræðina og sambandið þeirra á milli. Það er oft talað um trú þegar átt er við guðfræði, alveg eins og oft er talað um loft þegar átt er við andrúmsloftið með þeim efnum, sem í því eru. En trúin er alstaðar hin sama og hefir ávalt frá byrjun verið hin sama. Hún getur verið að meira eða minni leyti hrein, en munurinn er aðeins að hve miklu leyti hún er hrein. Það er aðeins ein trú til. Aftur á móti breytist guðfræðin stöðugt. Hún er öðru vísí á einum staðnum en öðrum, öðru vísí á einum tíma en öðrum.

Það sem orsakar mismuniinn á milli guðfræði og trúar, er nákvæmlega það sama og það sem orsakar mismun andrúmsloftsins og hins hreina lofts. Guðfræðin er full af efnum, sem lfskja má við loftkendu efnin, er leita upp frá jörðinni. Hún dregur í sig villur, forðóma og ófullkomleika vors lægra lfs; hún eitrapst af mannlegum atriðum; hún tekur í sig fúaloft gamalla erfikenningu, sem eru eins og óhrein og fúl fen, sem eftir verða, þegar vatnið, er í fyrstu orsakaði þau, þornar upp.

Ef maður sundurliðar guðfræði einhverrar aldar eða einhvers samfélags, þá finnur maður að erfikenningarnar og fordómarnir, sem þar eiga sér stað eru blandaðir saman við meiri eða minni trú. En ef maður sundurliðar trúna, þá er hún ávalt eins.

Guðfræðin er stundum heilnæm, eins og andrúmsloftið, en stundum er hún banvæn. Trúin flytur ekki nema lsf, eins og hreina loftið. Trúin er náttúrlegt og einfalt traust sálarinnar á góðan kraft yfir sér og umhverfis sig og skyldleik sinn við hann; og guðfræðin er hugmyndirnar, skoðanirnar, tilgáturnar og erfikenningarnar, sem hafa safnast utan um þetta; stundum gjöra þær það ljóst og skýrt, stundum óljóst og þokukent.

Pegar eg segi, að til sé aðeins ein trú, á eg við, að hin **instu sannindi trúarinnar** séu aðeins ein, og þessi sannindi koma í ljós

með meiri eða minni glöggskygnt og hreinleik, með meiri eða minni mótsögnum í öllum trúarbrögðum, sem í raun og veru geta kallast trúarbrögð. Þessi aðalsannindi eru, að Guð sé góður og að maðurinn geti treyst því í lífi og dauða. Það eru engin trúarbrögð til og engin guðfræði, sem vert er um að tala, sem ekki setja þetta fram með meira eða minna samræmi eða ósamræmi. **Þessi sannindi eru framsetning allrar verulegrar trúar.** Þau eru hin eina trú, sem er sameiginleg öllum trúiðum sálum. Guðfræðin er afleiðing mannlegs hugvits, mannlegra fordóma, hjátrúar og erfikenningu. Sumt í henni getur verið alveg andstætt sannri trú. Hún getur sagt með trúnni, að Guð sé góður, en síðan haldið áfram að gjöra staðhæfingar honum viðvíkjandi, sem eru alveg ósamrýmanlegar við alt, er mögulegt getur kallast gott. Ein tegund af guðfræði setur þetta fram með einum hætti og önnur með öðrum. Þannig verður til margskonar guðfræði, og milli hinna mismunandi tegunda eru deilur, þær æsa til haturs og óvináttu: en trúin er ávalt ein og ávalt friðsöm.

Eg hefi sagt, að hin eina trú staðhæfi að Guð sé góður og að menn geti treyst á það í lífi og dauða. Vér ættum að bera í huga og hjarta þá þekkingu og tilfinningu, að orðið trú þýðir að réttu lagi þetta og ekkert annað. Það orð hefir sína merkingu eins og hvert annað orð, og í vanalegu máli notum vér það ávalt í þessari merkingu og engri annari. Guðfræðin leikur sér að þessu orði, hún snýr því og þvíngar það til þess að ná sínum tilgangi. En orðið trú hefir aðeins eina lýðingu á vörum þeirra sem tala blátt áfram. Þýðing þess er **traust**, og engum gæti komið til hugar að nota orðið í nokkurri annari merkingu í sambandi við aðra menn. Maður segir t.d. að maður hafi trú á því að þessi eða hinn sé heiðarlegur maður; maður gæti ekki sagt, að maður hefði trú á því að hann sé óheiðarlegur. Maður getur trúað því að hann sé óheiðarlegur en maður mundi ekki kalla það trú. Ef vinur manns er veikur, þá getur maður sagt að maður hafi trú á að honum muni batna, en maður gæti ekki sagt, að maður hefði trú á að honum mundi ekki batna, hversu hræddur sem maður væri um það. Í ofviðri út á hafi mundi maður hafa trú á styrkleika skipsins, en ekki gæti maður haft trú á veikleika þess.

Margar guðfræðiskenningar eru til, sem leggja áherzlu á það sem ekki er hægt að hafa trúartraust á. Það má trúá því, taka yfir

keaningunni, en orðið trú verður ekki réttilega notað í sambandi við það. Fólk getur haft trú á kyrkjunum, sem kenna þær, en kennungarnar sjálfar geta ekki orðið að verulegri trú. Það er ekki unt að setja trú sína á kennunga um gjörspillingu mannsins. Það má taka hana trúanlega, en trú sem traust er ekki rétta orðið yfir þesskonar hugmynd. Maður getur haft trú á réttlæti Guðs, en enginn getur sett trú sína á þær kenningar, sem gjöra réttlæti hans að ógurlegu afskræmi. Trú þýðir trú á það góða, og trú um það sem er ekki gott, er ekki trú; hví orðið trú þýðir traust. Stórmikið væri unnið við það, ef menn gætu af sjálfsdáðum og nær ósjálfrátt lagt þessa meiningu í orðið trú, hvenær sem þeir heyra það eða nota. Það væri þráður, sem mætti rekja sig eftir gegnum margt völundarhús trúarkenninganna. Orðið trú ber í sér hugmynd um heilleik, heilbrigði, traust og von. Þannig sjáum vér að það er og getur verið aðeins ein trú í heiminum; og ef aðeins ein trú er til, þá er, í samræmi við það, aðeins ein trúarbrögð. Þau trúarbrögð eru trú á hinn góða Guð, og kærleikur til hans, hlýðni við hann og kærleikur til barna hans.

Málið sem vér tölum.

Málinu, eða tungunni er venjulega lýst þannig, að hún sé búningur hugsananna. Þessi lýsing er að mörgu leyti heppileg, og auðvitað alveg sönn, svo langt sem hún nær. En þótt málið sé ávalt búningur einhverra hugsana, má skoða það frá fleiri sjónarmiðum en hugsunarinnar einnar. Málið er andlegur gjaldmiðill, sem gjörir mönnum mögulegt að skiftast á hugsunum og gjöra sig yfirleitt skiljanlega hver fyrir öðrum. Eins og peningar gjöra öll verzlunarleg viðskifti margfalt auðveldari en þau væru án þeirra, svo gjörir málið mönnum auðvelt að hafa allskonar samneyti hver með öðrum. Munurinn er samt sá, að verzlunarleg viðskifti geta átt sér stað stað án peninga og hafa átt sér stað án þeirra, en málið er alveg nauðsynlegt til þess að nokkurt samneyti, fram yfir það sem á sér stað meðal dýranna, sé hugsanlegt.

I daglegu lífi er all-oftast svona litið á málið. Það fyrsta og nauðsynlegasta er, að geta gjört sig skiljanlegan fyrir öðrum og

skilið aðra. Þess vegna er málíð eðlilega oftar skoðað sem andlegur viðskiftamiðill heldur en sem búningur hugsana. Þó að í strangasta skilningi alt mál sé hugsunabúningur, á naumast við að skoða það þannig, nema að hugsanirnar séu að einhverju leyti frumlegri og varanlegri en þær sem menn yfirleitt hugsa og láta í ljós dagsdaglega. En hverjar sem hugsanirnar eru, er málíð ávalt jafn nauðsynlegt til að flytja þær manna á milli. Málíð er fyrst og fremst skilyrði fyrir samlifi og öllum samböndum, sem bygð eru á skilningi.

Ef aðeins eitt mál væri til í heiminum, þá væri ekki um neina erfðaleika að ræða í því að læra og nota málíð; þá lærði hver maður það mál einsog hver maður lærir sitt móðurmál, og gæti gjört sig skiljanlegan fyrir öllum og skilið alla án nokkurrar meiri fyrirhafnar. En málín eru mörg; aðalmálín eru mörg og mállýzkurnar ennþá fleiri. Sum þeirra eru ekki lengur töluð, önnur ná stöðugt meiri útbreiðslu; sum eru náskyld, önnur fjarskyld og ennþá önnur svo ólisk að menn geta ekki lengur fundið nokkurn skyldleika með þeim. Enginn maður gæti lært öll mál, þótt hann verði allri æfi sinni til þess; en sá sem vill verulega kynnast lifi og bókmenitum helztu þjóða heimsins verður að læra mörg auk móðurmáls síns; og margir, sem ekki ala allan sinn aldur í því landi, sem þeir eru fæddir í, eru nauðbeygðir til að læra nýtt mál.

Fyrir oss Vestur-Íslendinga horfir þetta þannig við, að vér höfum orðið að læra nýtt mál með bústaðaskiftunum. Vér erum hluti af fámannri þjóð, sem hefir sitt sérstaka mál; en það mál hefir ekkert gildi út á við í heiminum til daglegrar notkunar, þótt það hafi mikil bókmentalegt gildi. Með voru eigin máli getum vér ekki haft samneyti af neinu tagi við fjöldann af því fólk, sem vér lifum og störfum með hér vestan hafs. Það er því ekki um það að ræða, hvort vér viljum læra ensku, eins og t.d. einhver vill læra latínu eða þýzku til að geta haft full not bókmenta, sem til eru á þeim málum: vér verðum að læra hana. Sá sem ekki lærir ensku, "kemst ekki áfram hér" eins og svo oft er að orði komist. Ef enskan væri fyrir oss ekkert annað en búningur hugsana, sem menn, er talað hafa enskt mál, hafa hugsað, þá gætum vér komist af án hennar; vér gætum lifað án þess að þekkja þær hugsanir. En enskan er málíð, sem vér verðum að gjöra oss skiljanlega á og skilja aðra á hér í landi á svo ótal mörgum svíðum hins stærra samlífs; hún er sá

andlegi viðskifta-miðill, sem vér getum ekki án verið. Þetta er svo sjálfsagt og liggur svo í augum uppi, að það væri hrein og bein fásinna að halda nokkru öðru fram, enda gjörir enginn maður það. Þó að sumir íslendingar, sem hingað hafa flutt, hafi ekki lært ensku að neinu ráði, þá samt breytir það ekki þessu hið minsta; það aðeins sýnir, að fáir hafa annaðhvort ekki getað eða ekki kært sig um að ná þessu fyrsta skilyrði til að taka fullan þátt í hérlandu þjóðlifi.

En þess ber að gaeta, að vér höfum flutt hingað, en erum ekki fæddir hér; vér erum íslendingar og íslenzkt mál er móðurmál vort. Hvað er móðurmál? Það er málið, sem maðurinn lærir fyrst, hvar sem hann er fæddur; það er málið, sem barnið lærir við hné móður sinnar. Það er eina málið, sem er lært án fyrirhafnar, eina málið, sem maðurinn lærir án þess að hann viti af því að hann er að læra mál. Menn geta að líkendum gleymt öllu, sem þeir eitt sinn hafa lært, sé það aldrei rifjað upp aftur, en seinast af öllu munu menn geta gleymt móðurmáli sínu. Það verður mönnum samgrónast af öllu, sem verður hert. Þó að vér sem lært höfum íslenzkuna sem móðurmál vort, reyndum að gleyma henni er vafasamt, hvort vér gætum það. Vér gætum það ekki meðan vér hefðum entthvert samneyti hver með öðrum. Vér gætum eflaust ásett oss að tala aldrei orð í íslenzku, en það er annað en að gleyma málinu fyrir fult og alt. Íslenzkan er málið, sem oss er eðlilegast að tala, hversu vel sem vér lærum önnur mál. Þeir munu annars vera fáir, sem geta lært að tala önnur mál alveg eins vel og móðurmál sitt. Og í raun réttri er íslenzkan ekki aðeins móðurmál þeirra af oss, sem eru á Íslandi fæddir, heldur og þeirra, sem hér eru fæddir af íslenzkum foreldrum. Sjálfsagt eru ekki allir reiðubúnir til að samþykkja þetta. En ekki liggar þó málið í landinu, heldur á tungum fólkssins. Og ef íslenzmöðir kennir barni sínu sitt mál, þá verður það móðurmál þess, í öllum réttum skilningi, jafnvel þó hér vestur í Ameríku sé.

Vér Vestur-íslendingar höfum þá tvö mál; höfum tvö mál nú sem stendur; hvort vér höfum tvö mál um aldur og æfi er alt annað; vér höfum að minsta kosti enga sönnun fyrir því að þjóðarbrotinu íslenzka hér takist að verða íslenzkt mjög lengi fram eftir tínum, þótt það sé hugsanlegt, og margir óski eftir því. En það er nútíðin sem hér er um að ræða. Vér höfum tvö mál, og vér verðum að nota þau jöfnum höndum. Annað málið er móðurmál vort, hitt er síðar

Jært mál; annað málid fullnægir þörfum vorum innbyrðis sem íslenzks fólks og í íslenzku félagslifi, hitt fullnægir þörfum vorum, eða á að fullnægja þeim, út á við í umgengni vorri við þá sem ekki skilja vort mál. Vér erum að þessu leyti eins settir og allir aðrir útlendir þjóðflokkar í landinu, sem ekki mæla á enska tungu; og að líkkindum eru þeir ekkert betur settir en vér.

Margir hafa hent gaman að því hvernig vér Vestur-Íslendingar blöndum saman íslenzkunni og enskunni. Allir kannast við ýms málskrípi, sem eru mjög algeng í daglegu máli, svo sem "að lífa í næstu dyrum, gjöra gott business" o.s.frv. Það úr og grúr af mál-skípum, óíslenzkulegum orðatiltækjum, þótt orðin sjálf séu íslenzk, og enskum orðum með íslenzkum endingum í málinu, sem vér tölum daglega. Margir halda að þetta stafi af því, að fólk þyki segurra og tilkomumeira að blanda enskum orðum inn í íslenzkuna, eða að það sé gjört til að sýna ensku-kunnáttu; en það er ekki rétt. Ef til vill var fyrst þegar Íslendingar voru nýkomrir hingað og allir voru að reyna að læra enskt mál eitthvað til af þesskonar andhælishætti. Og ekki stafar það heldur af kunnáttuleysi í íslenzku því margir, sem hafa numið íslenzkuna á Íslandi og numið hana vel, tala svona. Af hverju stafar það þá? Af því að það er hægast að tala svona. Það er aðalorsókin. Ensk orðatiltæki, sem menn venjast við og nota næstum dags daglega, verða svo töm og svo viðfeldin, að þegar á að segja það sama á íslenzku, verður langhægast að halda orðaskipuninni, en aðeins að láta íslenzk orð koma í staðin syrir ensk. Ensk orð með íslenzkum endingum festast í daglegu máli á sama hátt. Þau eru nærrí eingöngu nafnorð, og þá nöfn á hlutum, sem annaðhvort hafa engin nöfn á íslenzku, eða þá stirð og óþjál nöfn. T.d. er orðið **team**. Allir Vestur-Íslendingar segja **team** en ekki akneyti eða hestapar, þótt það séðara heyrist einstökum sinnum; og vitaskuld er enska orðið notað því nær undantekningar-laust vegna þess að þegar menn fóru að nota áhöld og flutningstæki sem uxum og hestum er þeit fyrir, var ekkert algengt og þægilegt íslenzkt orð til, sem þýddi sama og orðið **team**. Svo er með fjölda mörg önnur orð, er tilheyra störfum, sem hér eru algeng en ekki á Íslandi. Þótt samsvarandi íslenzk orð séu til, sem oft er ekki, þá eru þau óalgeng, tilheyra ekki daglega málinu og þessvegna er enska orðið, sem er algengt og tilheyrir daglegu máli, notað og beygt eins og íslenzkt orð—settur á það íslenzkur hali, eins og stundum er að orði komist.

Menn hafa ávalt sterka tilhneigingu til að gjöra alt á sem einfaldastan hátt, og sú tilhneicing kemur í ljós í málinu sem í öðru. Latmæli og stytingar af öllu tagi eru þesskonar tilraunir. Upptaka útlendra orða og breyting heirra til að gjöra þau sem þægilegust í framburði er sprottin af því sama. Þetta á ekki aðeins við hjá þeim sem læra nýtt mál og eru nauðbeygðir til að taka orð úr því inn í móðurmál sitt vegna fátæktar móðurmálsins, það á alstaðar við. Af sömu ástæðu er það, að nýyrði, sem eru óbjál, erfið og láta ekki vel í eyrum festast trauðla í málinu, þar sem, aftur á móti þau sem láta vel í eyrum og eru þægileg verða fljótt í allra munni.

En þó að þessi tilhneicing sé eðlileg, stafar af henni stórhætta fyrir íslenzkuna hér vestan hafs. Ef engar skorður eru við því reistar hlýtur íslenzkan hjá oss Vestur-Íslendingum að verða að afskræmilegum blendingi, sem í raun og veru er ekkert mál. Náttúrlega höfum vér ávalt aðgang að ritmálinu, bæði hinu forna og hinu nýrra í íslenzkum bókum, og af því mætti draga þá ályktun, að það sem kunni að verða ritað hér á íslenzku máli verði ekki ritað á neinu slísku hrognamáli, sem talað er, því að það verði gjört af þeim einum, sem kunni rétt íslenzkt mál. En sannleikurinn er samt sá, að ef talaða málið spillist stórum, þá er mjög hætt við að ritaða málið haldist ekki hreint til lengdar: er nú þegar farið að bera á því í mörgu, sem birtist í íslenzku vikublöðunum. Fyrir alla þá sem vilja viðhalda íslenzkunni hér vestan hafs er því brýnasta nauðsyn, að gjöra alt sem unt er til að halda henni hreinni, og reyna að uppræta hrognamálið og kenna öllum sem íslenzkt mál tala að tala það sem hreinast og blanda enskum orðum og sérstaklega enskum orðatiltækjum í íslenzkum búningi sem minst inn í það.

Þetta er erfitt verk en ógerningur er það ekki. Það er sérstaklega tvent, sem þarf til þess: fyrst, að íslenzk börn læri málið af foreldrum sínum, og í öðru lagi, að íslenzkt námsfólk eigi kost á verulegri mentun í íslenzku máli, og bókmentum.

Að börn sem af íslenzkum foreldrum eru fædd læri málið sem móðurmál, er vissulega enginn ógerningur. Til þess þarf ekki annað en dálitla alúð og ástundunarsemi foreldranna. Sú viðbára að börnin læri enskuna alstaðar utan heimilisins og geti þessvegna ekki lært íslenzku er ekki gild. Vitaskuld læra börnin fljótt ensku, og eiga að gjöra það. Það væri mesta heimska að reyna að aftra

heim frá því; enda mun enginn reyna það. En flest börn geta lært íslenzku líka, geta lært bæði málín sæmilega vel. Íslenzkunámið verður að byrja snemina og grundvöllurinn til þess verður að leggjast á heimilunum, verður að vera móðurmálskensla; að öðrum kosti kemur það ekki að haldi. Ofan á þann grundvöll er svo auðvelt að byggja í sunnudagaskólum, og börnin geta gjört það sjálf með því að lesa málið. Það er misskilningur, en misskilningur, sem allmargir íslendingar hafa, að þetta þurfi að tefja fyrir enskunámi barnanna. Eðlilega verður það málið sem meira er talað *tara*-ara, hvort sem það er enska eða íslenzka, en hitt getur verið vel lært eigi að síður.

Fyrir íslenzka námsmenn, sem fá það sem vanalega er kallað hærri mentun, ætti íslenzkan að vera sjálfsögð námsgrein, þar sem því verður við komið. Hvers vegna? Vegna þess að hver mentaður íslendingur, hvar sem hann er, ætti að vera kunnugur íslenzkum bókmendum. Það er ekki aðeins ræktarskylda, heldur líka menningsgaratriði. En til þess að það geti orðið þarf kenslan að vera f mjög góðu lagi. Íslenzkan þyrfти að vera kend alveg á sama *nátt* og þýzka og franska t.d., af særum manni, við einn haskóla að minsta kosta, sem flestir íslenzkir námsmenn sækja.

Út í það hversu lengi unt er að viðhalda íslenzku máli hér skal ekki farið að þessu sinni, né heldur hitt hversu gagnlegt það er, aðeins skal tekið fram, að íslenzkan hefir samskonar mentunargildi og hvert annað mál, sem hefir bókmentafjársjóði að geyma; og ekki má ganga fram hjá ræktarskyldunni við íslenzkt þjóðerni, þegar um það er að ræða, hversu mikil eigi að leggja í sölurnar fyrir málið. Ef um nokkurt viðhald á að vera að ræða, ef íslenzkunni hér vestra að verða bjargað frá því að verða að blendingi úr ensku og íslenzku sem er verri en ekki neitt, þarf skilning á ástæðum og skilyrðum. Að finnlur og útásetningar gjöra ekkert verulegt gagn; aðeins veruleg viðleitni og starf koma að notum. Hjá íslenzkum foreldrum eru fyrstu möguleikarnir, af þeim verður undirstaðan að vera lögð. Allir geta svo hjálpað til að byggja ofan á, allir geta lagt kapp á það sem er nauðsynlegast af öllu, að halda málinu sem hreinustu. Það má vera að ómögulegt sé að halda því algjörlega hreinu, en með stöðugri viðleitni og nokkurri fyrirhöfn má hreinsa það svo mikil að vér þurfum ekki að fyrirvirða oss fyrir málið, sem vér tölum dags daglega.

Tvíræði í orðum.

Eftir SAMUEL M. CROTHERS—(Lauslega þýtt)

Gamall enskur rithöfundur, Strypes að nafni, er ritaði minningarrit um Cranmer, erkibiskup, segir á einkennilegan hátt frá undanbrögðunum, sem margir fylgiendur síðbótarfloksins urðu að nota á sextándu öld, til að forðast viðskilnað við kaþólsku kyrkjuna. Sumir treystu mjög mikil að tvíræð orð. “Þeir héldu að það væri þægilegra, friðarins vegna, að nota vafasöm orð viðvískaði sumum atriðum er voru erfið og ollu ágreiningi, eða með sjálfum orðum ritningarinnar, án þess að nokkur ákveðin meining eða skýrинг væri lögð í þau.”

Einn ágaetur guðfræðingur ráðlagði vini sínum “að nota myrk og vafasöm orðatiltæki, sem taka mætti i viðtækari merkingu, begar hann talaði um kveldmálstíðarsakramentið, og brýndi fyrir honum að með því mætti binda enda á stórkostlega deilu og fá langþráðan frið innan kyrkjunnar.”

Vér könumst vel við þessa röksemdafærslu nú á tínum. Hún virðist vera gott ráð til þess að komast hjá skoðanamun, sem raskar friði í kyrkjunni. Málið er teygjanlegt, og það má, án mikillar fyrirhafnar, teygja það svo, að i því felist margar meininger og margt meiningerleysi. Því tvíræðara sem eitthvert orð er, því hæfara er það fyrir “viðtækari skilning.” Stundum fylgja góðlyndir guðfræðingar þessari aðferð svo langt að almenn skynsemi er höggdofa. Það er sýnt fram á að trúarjátningar, sem vér höfðum gjört ráð fyrir að þyddu eitthvað sérstakt, þýða eiginlega hvað sem vera vill, nema það sem þær virtust eiga að þýða. Því er stundum haldið fram að viðurkenning þeirra bendi ekki á neitt annað en að sá sem viðurkennir skoði þær sem hentug atriði til að ganga út frá.

“Pegar eg nota orð,” er Humpty Dumpty látinna segja við Alice í sögunni alþektu, “þýðir það blátt áfram það sem eg vil láta það þýða, og hvorki meira né minna.”

“Það sem um er að ræða,” sagði Alice, “er það, hvort þú getur látið orðið þýða margt hvað örnu ólfskt.”

"Pað sem um er að ræða" sagði Humpty Dumpty "er það, hvort eg ræð yfir orðinu eða það yfir mér; það er alt og sumt."

Með þessari röksemdarfærslu hlýtur Humpty Dumpty að bera sigur úr býtum. Nú sem stendur hefir hann alt í hendi sinni á sviði guðfræðinna. Spádómsfrelsið hefir vikið fyrir öðru, sem er frelsið til að leggja þá meiningu sem hverjum sýnist í hvað sem er. Samt liggar manni við að sprýja, eins og Alice þegar maður heyrir svæsnustu vantrúarskoðanir settar fram í rétttrúnaðar orðatiltækjum, hvort orðin geti þytt margt hvað öðru ólíkt.

Og þó að jafnvel sé unt að láta þau þýða margt, er tilvinnandi að gjöra það? Strypes segir að Pétur píslavottur, sá sem tók ráð-legginguna um að nota myrk og vafasöm orðatiltæki til þess að hafa frið, hafi síðarmeir tekið upp aftur sitt fyrra skýra og ákveðna orðalag bæði með tilliti til kvöldmáltíðarsakramentisins og annara kenninga, sem hann skrifaði um. Ástæðan, sem hann færði fyrir því var sú, að þeir sem í raun og veru kærðu sig um hinar eldri og grófari framsetningar "þyrftu einnig grófar útskýringar, og að hann hefði komist að því, að margir veikari bræður væru stórlega móðgadir með tvíræði orðanna og svo flæktir og ruglaðir, að þeir naumast vissu, hvað þeir ættu að hugsa. Þess vegna kysi hann sér að láta hinn merka guðfræðing halda einan áfram að nota sín myru orð, en vildi sjálfur tala skýrt og skiljanlega."

Sannleikurinn er sá, að varanlegur friður innan kyrkjunnar fæst ekki með því að fela skoðanamun bak við tvíræð orð, sem eiga að koma í veg fyrir að nokkur sé móðgaður. Vér verðum að komast í það ástand að hreinskilnisleg framsetning mismunandi skoðana sé umborin af öllum.

Íslenzkur námsmaður í Meaderville.

F. september sfðastliðnum fór hr. Ólafur Kjartansson, er hafði dvalið hér í bænum sfðastliðið ár, til Meaderville í Pennsylvania, til að stunda nám við guðfræðisskólan bar. Mun hann dvelja stöðugt þar eystra næstu þrjú árin; því tyrirkomulagi skólan hefir verið breytt þannig að sumarfrfin hafa verið afnumin og kensl-

an heldur áfram alt árið með nokkrum stuttum fríum á vissunum; en aftur hefir lengd alls námstfimanns verið stytt nokkuð.

Hr. Ólafur Kjartansson er fæddur 20. júní 1886 í Skál á Síðu í Vestur-Skaftafelssýslu á Íslandi. Foreldrar hans voru Kjartan Ólafsson og Oddný Runólfssdóttir, hjón þar af góðum bændaættum. Í upphafi naut hann fræðslu í almennum fræðigreinum bæði hjá heimiliskennara og í barnaskóla áður en hann ferndist. Á fermingaráldri misti hann föður sinn og fór þá til móðuráfa síns Runólfss Jónssonar dbrm. í Holti á Síðu. Eftir nokkurra ára dvöl þar fór hann að Vík í Mýrdal til Halldórs umboðsmanns Jónssonar og var hjá honum brjú ár við almenna sveitavinnu og verzlun. Árið 1908 byrjaði Ólafur á námi við kennaraskólann í Reykjavík og var á honum í þrjú ár. Auk námsgreina þeirra, sem á skólanum voru kendar, lagði hann sérstaka stund á ensku. Voríð 1911 fór hann til Englands og gekk um hríð á skóla í Oxford (Central Labor College) og hlýddi á syrilestra sem háskólinn þar lætur halda fyrir þá sem ekki eru reglulegir stúdentar í honum, University Extension. Þegar Ólafur kom heim aftur, tók hann við stjórn ungingaskólangs í Vík í Mýrdal, sem þá var nýstofnaður og veitti honum forstöðu í tvö ár—“með sérstökum áhuga, dugnaði og samvirkusemi,” segir f meðmælabréfi, sem hann hefir frá Sig. Eggerz sýslumann, nú ráðherra. Árið 1912 misti Ólafur móður sína, og flutti næsta ár í ágúst 1913 til Ameríku. Síðan hefir hann lengst af dvalið hér í Winnipeg, og síðastliðin veturna stundaði hann námu við Central Collegiate skólann hér í bænum.

Ólafur er vel gáfaður maður, stíltur og gætinn og mjög hneigður til náms. Má mikils af honum vænta í framtíðinni og mun hann hvervetna koma fram þjóðflokki vorum til sóma. Hann er sjötti Íslendingurinn sem nám stundar í Meaderville. Vonandi fellur honum dvölín þar vel, því þar er kyrlátt og næðisgott til að gefa sig algerlega við náminu, en samt nógu mikil tilbreyting til þess að ekki er hætt við leiðindum.

Einkennilegur flokkur.

Allir hafa heyrt getið um eða hafa lesið eitthvað í blöðunum um rússnesku innflyttjendurna í Saskatchewanfylkinu, sem nefndir eru Doukhobors. Blöðin hafa oft flutt fréttagreinar um ýmiskonar heimskuflan þeirra, svo sem þegar stórr hópur þeirra lagði af stað hér um árið að heiman frá sér til að leita að Kristi; en var rekinn heim aftur af lögreglunni. Slikar sögur hafa oft verið mjög ýktar og hafa gefið almenningi rangar hugmyndir um þennan einkennilega flokk.

Nafnið Doukhobor, sem er atutvitað rússneskt er ljytt á ensku spirit-wrestler, andlegur bardagamaður mætti það vel kallast á íslensku, því þeir sem nafnið bera segjast berjast með anda sannleikans en ekki með vopnum. Á Rússlandi þektist þetta nafn seit á 18. öldinni eða fyrst um 1785. Doukhoberarnir sjálfir segja að stofnandi flokksins hafi verið ónafn greindur þýzkur liðsforingi, sem nokkru fyrir miðja 18. öldina fór að boða nýja trú í þorpi einu á Rússlandi. Hefir þess verið getið til að hann hafi verið kvekari. Í lok 18. aldarinnar var flokkurinn orðinn all-fjölmennur og var á við og dreif um suður Rússland, en hafði þó nokkra áhangendur á öðrum stöðum. Páll keisari, sem þá réði yfir Rússlandi, var þeim fremur velviljaður, þar til fór að bera á þeirri skoðun meðal þeirra að stjórnendur væru ónaðsynlegir. Alexander fyrsti leyfði mörgum þeirra að stofna sérstaka bygð fyrir sig við Azvos-hafið og síðan hafa þeir lifað saman út af fyrir sig. Þáverandi leiðtogi þeirra, Kap-onstin að nafni náði svo miklu álti meðal þeirra, að hann gat komið heim til að skoða sig sem Krist aftur kominn til jarðarinnar. Eftir-menn hans stofnuðu sameignarfélög innan flokksins og urðu þannig ráðandi all-mikilla auðæfa. Þeir héldu fram að flokkurinn ætti ekki að lúta neinu ytra valdi og jafnvel að leyfilegt væri að taka þá af lifið sem sýndu honum móttöðu. Rússneska stjórnin létt rannsaka sakir, sem á þá voru bornar út af þessu, og varð afleiðingin af því sú, að þeir voru 1841 rekni austur í Kákásusfjöll. Þar lifðu þeir lengi í friði, unz hernaðarskylda var lögleidd í Kákashérudunum 1887. Þeir neituðu algerlega að ganga í herinn vegna þess að það væri gagnstætt trú sinni að ganga í stríð. Tolstoy og fleiri áhrifa-

miklir menn kyntu sér skoðanir þeirra, og varð það til þess að nokkur hluti þeirra, rúmlega 7,000 fluttu til Canada 1899, en um 12,000 sem ekki vildu flytja burt, urðu eftir heima. Canadastjórn fékk þeim land í Saskatchewan-fylkinu og þar hafa þeir búið síðan og stunda eingöngu akuryrkju. Leiðtogi nýlendunnar heitir Pétur Verigin. Hann kom vestur nokkru á eftir aðalflokknum, eftir að hafa verið látin laus úr námunum í Síberfu, þar sem hann var mörg ár í útlegð.

Trúarskoðanir Doukhoboranna eru í flestu lískar kenningum orbóðox kristinna kyrkna, en þó að sumu leyti all mikið frábrugðnar þeim. T.d. leggja þeir enga áherzlu á þrenningarkenninguna, en virðast heldur ekki neita henni. Þeir trúu á einn guð, og Jesús Kristur segja þeir að hafi verið andi guðrækninnar og hreinleikans í mannsmynd. Hann var guðs son, en allir menn eru guðs synir í sama skilningi. Biblfunna má ekki skilja bókstafslega, heldur verður að lesa hin innri andlegu sannindi út úr orðunum. Orð biblunnar hafa ávalt minna gildi heldur en hið "lifandi orð", sem þýðir bæði hið innra ljós í hverjum manni og munnlegar kenningar leiðtoga þeirra. Kyrkjusiði gefa þeir lítið fyrir. Alt veraldlegt vald, svo sem lögreglu og dómstóla telja þeir einsgís virði. Akuryrkja er eini atvinnuvegurinn, sem menn ættu að stunda. Þeir neyta ekki kjöts, áfengis eða tóbaks, og telja alla jafna að tign.

Undir stjórn Verigins vegnar þeim vel og hafa komist í allgöðar kringumstæður. Nokkur hluti þeirra viðurkennir þó ekki hann sem leiðtoga sinn og er yfirleitt ekki eins ákveðinn með súneignar-hugmyndini og hans flokkum, sem hefir bæði land og annað í sun-einingu. Oft hefir sú skoðun þeirra, að þeim beri engum að hlýða nema leiðtoga sínum og ýms trúarofstækis tiltæki komið þeim í kast við lögregluna. En yfirleitt eru þeir friðsamir og 'itið um lög-brot meðal þeirra.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert súni, auk kápu og auglýsinga. Kostar
EINN DOLLAR um árið. Borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Únitariska Kyrkjufelagi Vestur-Íslendinga.

ÚTGÁFUNEFND :

Rögnv. Pétursson, ritstjóri, Guðm. Árnason, Ó. Pétursson, ráðsmaður.
533 Agnes St.

45 Aikins Bldg.

THE VIKING PRESS LTD.

Entered at the Post Office of Winnipeg as second class matter.

HURÐIR, GLUGGAR, TIMBUR.

Vér höfum miklar birgðir af tegldu og ótegldu timbri
Vor innanhúss "Finishing", gluggakármrar, hurðir og listar
eiga ekki sína jafningja. Eitt bord eða vagnhlass.

Beztu tegundir inviða, hvort heldur um smáhýsi eða
stórhýsi er að riða.

Gluggar og gler af olli gjörð og lægsta verð. Beztu
tegundir skjólklaðninga og veggjapappa. Sama verð og
sömu skil sýnd pöntunum utan sem innan bæjar. Skrifis
eftir verðlista eða.

KOMIÐ TIL VOR.

The Empire Sash & Door Co. Ltd.

Henry Ave., East. Winnipeg.

Nýtízkulegasti og Endingarbesti
Skófatnaður í Canada.

Drjár verksmiðjur, Montreal og St. Hyacinthe.

Tvær sérstakar tegundir:

"AMES HOLDEN SKÓR"

"McCREADY SKÓR"

Nægar birgðir til skjótrar útsendingar í vörugeymslu-
húsi okkar í Winnipeg.

Ames Holden McCready, Limited